

Kynning fyrirhugaðra framkvæmda

Göngu og hjólabrú yfir Sæbraut,


Tranavogur - Snekkjuvogur

Vegagerðin áformar, í samvinnu við Reykjavíkurborg, að byggja göngu- og hjólabrú yfir Sæbraut. Brúin verður staðsett u.þ.b. milja vegu milli gatnamóta Súðarvogs og Kleppsmýrarvegar. Með tilkomu brúarinnar verður gönguleið á milli Tranavogs og Snekkjuvogs.


Brúin er ætluð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og er aðallega ætlað að tryggja gönguleið skólabarna í Vogaskóla. Stigahús og lyftustokkur verða við báða enda brúarinnar.

Mannvirkið var hannað af Verkís og verktakafyrirtækið Ístak mun sjá um framkvæmdir. Eftirlit og umsjón með verkinu hefur VBV verkfræðistofa.

Vegagerðin hefur yfirumsjón með verkinu f.h. verkkaupanna.



Samkvæmt reglugerð er hámarkshæð ökutækja 4,2 m (- 4,4 m).




Eins og sést á myndinni fyrir ofan verður fríhæð undir brúnnna 6 m.

Til þess að varna því að ökutæki rekist upp í brúnnna verður komið fyrir skiltabrúm sitt hvoru megin við göngubrúnnna. Skiltabrýrnar eru lægri en sjálf göngubrúin þ.a. of há ökutæki munu rekast í skiltabrúnnna.

Fríhæð undir skiltabrú verður 5,5 m.

Fríhæð undir viðvörunarslá verður 5,2 m.



Vegagerðin beinir þeim tilmælum til verktaka og flutningafyrirtækja að kynna þessar hæðartakmarkanir fyrir sínum starfsmönnum.

Full ástæða er til þess að hvetja ökumenn stærri bíla til þess að setja niður palla á vörubílum, pakka saman bílkrönum og svo frv. þannig að ekki komi til óhappa vegna þessara hæðartakmarkanna.

